

bæjarráð FW: Fundargerð Heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis 31. ágúst haldinn í Flókalundi

Til : Hjördís Práinsdóttir
Frá : Þórdís Sif Sigurðardóttir
Heiti : bæjarráð FW: Fundargerð Heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis 31. ágúst haldinn í Flókalundi
Málsnúmer : 2018030012
Málsaðili : Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða
Skráð dags : 11.09.2018 16:00:46
Höfundur : Þórdís Sif Sigurðardóttir

Viðhengi fundargerð_118_fundar_31_ágústí_2018.pdf
[fundargerð_118_fundar_31_ágústí_2018.pdf](#)
kosning heilbrigðisnefndar_18.pdf [kosning heilbrigðisnefndar_18.pdf](#)

From: Almennur póstur

Sent: miðvikudagur, 5. september 2018 14:38

To: Margrét Geirsdóttir

Cc: Guðmundur Gunnarsson ; Þórdís Sif Sigurðardóttir

Subject: FW: Fundargerð Heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis 31. ágúst haldinn í Flókalundi

Kveðja / Best Wishes

Ragnar Heiðar Sigtryggsson

Verkefnastjóri / Þjónustufulltrúi

Stjórnsýslu- og Fjármálasvið Ísafjarðarbæjar

Sími: 450 8044

Netfang: ragnarh@isafjordur.is

Vefur: www.isafjordur.is

From: Anton Helgason [<mailto:anton@hevf.is>]

Sent: miðvikudagur, 5. september 2018 14:07

To: Ísafjarðarbær <info@isafjordur.is>; petur@sudavik.is; Jón Páll Hreinsson <jonpall@bolungarvik.is>; talknafjordur@talknafjordur.is; Ingibjörg Birna Erlingsdóttir <sveitarstjori@reykholar.is>; Kaldrananeshreppur <drangsnes@drangsnes.is>; vesturbyggd@vesturbyggd.is; Strandabyggd@strandabyggd.is; arneshreppur@arneshreppur.is; fv@vestfirdir.is

Cc: Eftirlit <eftirlit@hevf.is>

Subject: Fundargerð Heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis 31. ágúst haldinn í Flókalundi

Sæl öll

Meðfylgjandi er fundargerð heilbrigðisnefndar sem haldinn var á Hótel Flókalundi þann 31. ágúst sl. Velja þarf nýja heilbrigðisnefnd á næsta Fjórðungspingi þann 6. október n.k.

Meðfylgjandi er minnisblað um kosningu heilbrigðisnefndar. Allir fundarmenn gefa kost á sér til áframhaldandi setu í heilbrigðisnefnd.

Fulltrúar atvinnurekenda Samtök atvinnulífsins hafa tilnefnt Einar Val Kristjánsson sem fulltrúa í heilbrigðisnefnd og Hólmfríði Völu Svavarsdóttur sem varamann.

Nokkrar breytingar hafa orðið á því laga umhvefi sem heilbrigðiseftirlitið starfar eftir sem gerir kröfu um að allar eftirlitsskýrslur eiga að birtast opinberlega eftir að 3.vikna andmælaréttur er liðinn. Það er ekki val. Þetta mun hafa í för með sér aukna vinnu og þar af leiðandi aukinn kostnað fyrir heilbrigðiseftirlitið og sveitarfélögin. Þetta er nýmæli sem gerir starfið flóknara. Við þessa breytingu þarf einnig eitthvað að bæta heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins og gera hana aðgengilegri. Ég vil hvetja sveitarstjórnir til að vera vakandi fyrir skýrslum frá okkur og senda inn skriflegar athugasemdir sem þá er hægt að birta með eftirlitsskýrslum.

Breyting á lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr 7/1998. Með breytingu nr. 66/2017 á lögum nr. 7/1998 sem tóku gildi 1. janúar 2018. Skv. 54 gr. laganna skal eftirlitsaðili eftir hverja vettvangsheimsókn taka saman skýrslu með lýsingu á því sem fram kom og skiptir máli varðandi það hvort starfsemin sé í samræmi við starfsleyfisskilyrðin og niðurstöður um hvort frekari aðgerðir eru nauðsynlegar. Skýrslan skal gerð aðgengileg á vefsvæði eftirlitsaðila eftir að rekstraraðili hefur fengið tækifæri til að koma að athugasemdum og brugðist hefur verið við þeim. Athugasemdirnar skulu eftir atvikum birtar með skýrslunni. Þetta er nýtt og vinnur heilbrigðiseftirlitið nú að því að koma þessu í framkvæmd, reiknað er með að birta skýrslur eftir að þriggja vikna athugasemdafrestur er liðinn.

Breyting á matvælalögum nr. 93/1995. Heilbrigðisnefndir skulu birta upplýsingar um matvælaeftirlit með sambærilegum hætti og Matvælastofnun. Birta skal upplýsingar um flokkun fyrirtækja. Einnig skal kveðið á um í reglugerð að birta eftirlitsskýrslur. Eftirlitsaðilar skulu greina opinberlega frá ákvörðunum sem fela í sér:

- a) Stöðvun eða verulega takmörkun á starfsemi matvælafyrirtækis
- b) Sölustöðvun og innköllun á vörum sem teljast ekki öruggar til neyslu
- c) Áminningar og álagning dagsekta.

Ný olíureglugerð hefur litið dagsins ljós Reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Nr 884/2017. <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/884-2017> Olíuafgreiðsla í höfnum, úrgangsolía og lausatankar bætast við eftirlit heilbrigðiseftirlits. Við fögnum nýjum verkefnum og sendum út fljótlega upplýsingar á hafnir og rekstraraðila til að kynna þessi nýju verkefni.

Ný mengunarvarnareglugerð hefur verið sett fram sem sameinar starfsleyfis og mengunareftirlitsreglugerð ásamt Evrópureglum um losun frá iðnaði í eina reglugerð nr 550/2018 Reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Áhersluatriði heilbrigðiseftirlits sem snúa að sveitarfélögum 2018.

*Eftirlit með Vatnsveitum, Áhersla á innra eftirlit

*Eftirlitsverkefni með söfnum úrgangs hjá sveitarfélögum er eftirlitsverkefni á umhverfissviði- þ.e. skoðun á flokkun á gámastöðvum og öðrum söfnunarstöðvum.

*Sundlaugaverkefni er endurtekið, var síðast tekið fyrir 5 árum.

*Fráveitur og Seyrugryfjur - staða mála.

*Olíuafgreiðsla á höfnum, móttaka úrgangsolíu og meðfeð sorps í höfnum. Eftirlit færðist til heilbrigðiseftirlits með nýrri olíureglugerð.

Með kveðju

Anton Helgason

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða

Eftirlit@hevf.is, Anton@hevf.is